

um kennslu í vélfræði.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kennsla í vélfræði samkvæmt lögum þessum skal fara fram í fjórum stigum. Skal I. og II. stig kennslunnar fara fram á vegum Fiskifélags Íslands samkvæmt I. kafla laga þessara, en III. og IV. stig í vélskólanum í Reykjavík samkvæmt II. kafla laga þessara.

I. KAFLI

Um I. og II. stig.

2. gr.

Fiskifélag Íslands skal halda námskeið í mótfræði til þess að búa menn undir I. og II. stigs vélstjóraprófs. Þau skulu haldin í tveim flokkum, I. stigs námskeið og II. stigs námskeið.

Fyrsta stigs námskeiðið skal haldið í Reykjavík og í veiðistöðvum úti um land, þar sem ráðuneytið ákveður, eftir tillögum Fiskifélags Íslands.

Annars stigs námskeiðið skal aðeins haldið í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði eftir samningi við Fiskifélag Íslands.

3. gr.

Á námskeiðunum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, rafmagnsfræði og hjúkrunarfræði. Í vélfræði og rafmagnsfræði skal námið vera bæði bóklegt og verklegt.

4. gr.

Inntökuskilyrði á I. stigs námskeið:

- Að nemandinn sé 16 ára að aldri.
- Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi og hafi ekki líkamsgalla, er geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
- Að hann hafi óskert mannorð.
- Að hann kunni sund.

Inntökuskilyrði á II. stigs námskeið:

- Að nemandinn hafi staðizt I. stigs próf, eða lokið 4 ára námi á vélaverkstæði og iðnskólaprófi.
- Að hann hafi óskert mannorð.
- Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi og hafi ekki líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
- Að hann hafi staðizt III. stigs sundpróf.

5. gr.

Próf skulu haldin að afloknum námstíma.

Til I. stigs prófs þarf:

- Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt.
- Í reikningi: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum og einföldum jöfnum.
- Í eðlisfræði: Þekkingu á lögmálum loftkenndra efna, þrýstímælum, hitamælum, dælum, dreifingu hitans og áhrifum hans á fasta og fljótandi hluti, bræðslu, eldsneyti og olíum.
- Í mótfræði: Þekkingu á mótörvélum, sem notaðar eru í skipum og á landi, útbúnaði þeirra og efni, hirðingu og stjórn; þekkingu á sundurliðun mótörvéla, hreinsun þeirra, samsetningu og stillingu; þekkingu á gangtruflunum mótora og kunna að lagfæra þær; þekkingu á algengustu bilunum, sem orsakast af sliti og notkun, og endurbótum þeirra; þekkingu á hinum algengustu eldneytis-tegundum, sem notaðar eru í mótora, hömluhestöflum, eldneytiseyðslu, slökkvitækjum, ryði og tæringu og vörnum gegn því; enn fremur þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar varðandi rakstraum og raftækjum mótorskipa, talstöðvum og dýptarmælum.

Prófið fullnægir þeirri vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélstjórnar á mótorskipi með allt að 250 hestafla mótör.

Til II. stigs prófs þarf:

- Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt, lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfraeðinnar.
- Í stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum; þekkingu á þríliðu, líkingum og grundvallaratriðum flatarmáls- og rúmmálsfræðinnar, og að kunna að nota logaritmatöflur við út-reikninga.

3. Í eðlisfræði: Þekkingu á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi, þrýstimælum, eðliþyngd, sellumælum, dælum, hita, hitamælum, útbenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun og suðu; þekkingu á einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skráfu, fleyg, dragreipi o. s. frv.; enn fremur á rafmagni og segulmagni.
4. Í mótörfraði: Fyllri þekkingu á því, sem til I. stigs prófs er heintað, og auk þess: Þekkingu á afl-línuritum og einföldum niðurstöðum, sem af þeim má draga, blöndun hleðslunnar og brennslu eldsneytisins; þekkingu á helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnspétt hólf, hjálparvélum, svo sem stýrisbúnaði, ljósvélum, vindum, kælivélum, slökkvitækjum o. s. frv. og laga-ákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa; enn fremur að geta framkvæmt minni háttar viðgerðir á mótörum og hjálpartækjum þeirra; þekkingu á meðferð eimkatla með tilliti til hjálparkatla í mótorskipum.
5. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum; þekkingu á rafölum, rafmagnsmótörum og rafmagnsgeymum og meðferð þeirra; enn fremur þekkingu á rafmagnslögnum, mælitækjum og ljósa-tækjum í skipum, dýptarmælum og talstöðvum.

Prófið fullnægir þeirri vélfræðiþekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á fiskiskipi og vöruflutningaskipi með allt að 900 hestafla mótör og farþegaskipi með 600 hestafla mótör.

6. gr.

Prófin eru bæði munnleg, skrifleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður námskeiðsins og tveir aðrir; skulu þeir hafa meiri vélfræðilega þekkingu en námskeiðin veita og annar þeirra vera vélsmiður, sem æfingu hefur í mótörviðgerðum.

7. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi námskeiðsins, að ganga undir próf, skal hann senda umsókn um það til forstöðumanns námskeiðsins eigi síðar en mánuði áður en prófið byrjar. Umsókninni skal fylgja vottorð um, að hann fullnægi inntöku-skilyrðum á námskeiðið, og auk þess vottorð frá þeim kennara eða kennurum, sem hafa kennt honum, um, að hann hafi lært það, sem til prófsins er heintað, og að hann sé fær um að ganga undir prófið.

II. KAFLI

Um III. og IV. stig.

8. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir III. og IV. stigs vélstjórapróf ásamt prófi í rafmagnsfræði og vatnsvélafræði fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í tveim deildum:

1. Vélfræðideild.
2. Rafmagnsfræðideild.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

9. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslenzku, dönsku, ensku, stærðfræði, eðlisfræði, vélfræði, vélateikningu, hjúkrunarfræði, bókhald og viðskiptafræði, leikfimi og sund.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður fastan vélfræðikennara, sem einnig er forstöðumaður skólans. Það ræður einnig fasta kennara í vélfræði, stærðfræði, eðlisfræði

og tungumálum, eftir tillögum forstöðumanns skólans, svo og stundakennara og aðstoðarkennara eftir þörfum, eftir tillögum forstöðumanns skólans.

11. gr.

Inntökupróf skal haldið í skólanum í byrjun október ár hvert í bóklegum fræðum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins, fyrir þá menn, sem ekki geta sýnt fullnægjandi skilríki fyrir lögákveðinni bóklegri þekkingu. Skal prófið samsvara inntökuskilyrðunum í þá deild, sem við á.

Þeir, sem staðizt hafa próf í sömu greinum við jafngilda skóla eða aðri, þurfa þó ekki að ganga undir inntökuprófið.

12. gr.

1. Inntökuskilyrði í III. stigs deild (vélfraeðideild):
 - a. Að nemandinn hafi staðizt II. stigs próf, eða meira mótórvéltjórpróf Fiskifélags Íslands, eða lokið 4 ára námi á vélaverkstæði og staðizt burtfararpróf úr iðnskóla eða öðrum jafngildum eða aðri skóla í þeim greinum, sem þar þarf til undirbúnings skólanámsins.
 - b. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi.
 - c. Að hann hafi óskert mannorð.
 - d. Að hann hafi staðizt próf á smíðanámskeiði vélskólans samkv. 13. gr. Þetta tekur þó ekki til þeirra, sem lokið hafa 4 ára námstíma á vélaverkstæði.
2. Inntökuskilyrði í IV. stigs deild (rafmagnsfræðideild):
 - a. Að nemandinn hafi staðizt III. stigs prófið, eða próf upp úr fyrsta bekk rafmagnsfræðideildar.
 - b. Að hann sé ekki haldinn af næmum sjúkdómi.
 - c. Að hann hafi óskert mannorð.
3. Inntökupróf í fyrsta bekk rafmagnsfræðideildar:
 - a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina, eða fullnaðarpróf við iðnskóla eða annan jafngildan skóla eða aðri, í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings skólanámsins.
 - b. Að hann hafi stundað rafmagnsvirkja- eða rafmagnsvélavirkjanám í 4 ár hjá rafmagnsvirkja- eða rafmagnsvélavirkjameistara.
 - c. Að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi.
 - d. Að hann hafi óskert mannorð.

13. gr.

Áður en nemandi fær inngöngu í III. stigs deild, skal hann sækja 7 mánaða verklegt námskeið, er vélskólinn heldur, eða hafa staðizt próf við námskeiðið samkvæmt staflíð d. í 1. lið 12. gr.

Inntökuskilyrði á þetta námskeið er, að nemandinn hafi staðizt II. stigs próf. Þeir, sem lokið hafa 4 ára námstíma á vélaverkstæði, þurfa þó ekki að sækja þetta námskeið.

14. gr.

Próf skulu haldin í skólanum að loknum námstíma ár hvert.

15. gr.

Til millibekkjaprófs á milli 1. og 2. bekkjar III. stigs deildar þarf:

1. Í íslenzku: Að geta skrifað ritvillulítið eftir upplestri.
2. Í stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstófum, enn fremur þríliðu, prósentu- og rentureikning og logaritma.
3. Í teikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahlutum.

16. gr.

Til III. stigs prófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rit-hönd skýrt og nokkurn veginn rétt. — Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursagt hann og skýrt helztu málfræðiatríðin, sem fyrir koma í honum.
2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta og í dönsku.
4. Í stærðfræði:
 - a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þríliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma; að geta leyst líkingar af 1. gráðu með einni og tveimur óþekktum stærðum.
 - b. Í flatarmálsfræði: Þekkingu á afstöðu beinna lína hvorrar til annarrar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, rétthyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu rétthyrnda koördinat-kerfi; enn fremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpar-tæki til þess.
 - c. Í rúmmálsfræði: Þekkingu á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þristrendingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línunum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð; enn fremur þekkingu á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.
 - d. Í þríhyrningafræði: Þekkingu á grundvallaratriðum þríhyrningafræðarinnar og notkun þeirra við útreikninga.
5. Í eðlisfræði: Þekkingu á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og sundurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skrúfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., enn fremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útpenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna; enn fremur þekkingu á almennri hljóðfræði og ljósfræði.
6. Í vélfræði:
 - a. Í eimvélafræði: Þekkingu á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengingu, línuritum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum eimvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu; þekkingu á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.); þekkingu á byggingu skips og skiptingu þess í vatnspétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.
 - b. Í mótorafræði: Þekkingu á mótorum í skipum og á landi, einkum dieselmótorum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtrufnunum og lagfæringu þeirra, línuritum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótorá, hestöflum mótorá og nýtni, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útpenslu, skolun og forþjöppun, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótorá og skipa (ljósvél, kælivél, stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppum o. s. frv.), smurningu mótorá og smurningsháttum, hömlun mótorá og öðrum mótoraunum og þekkingu á lagaákvæðum um skoðun og eftirlit mótorskipa.
 - c. Í hurðarþolsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika

hinna helztu hluta í vélum og kötlum.

7. Í hjúkrunarfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita, þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.
 8. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skipta og staða þeirra heimtar.
 9. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum, rakstraums-rafölum og mótorum, spennubreytum og geymum, vinnuháttum og gerð rakstraums rafmagnsvéla og tækja, uppsetningu, hirðu og viðhaldi þessara véla og tækja; enn fremur kunnáttu í rafmagnslögnum í skipum og að finna bilanir í lögnum og tækjum, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpsruflanir rafmagnstækja og véla; þekkingu á talstöðvum og dýptarmælum.
- Prófið fullnægir þeirri vélfræðipekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á fiskiskipi og flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél og farþega-skipi með allt að 1000 hestafla vél.

17. gr.

Til IV. stigs prófs þarf:

1. Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja; enn fremur kunnáttu í alls konar raflögnum; þekkingu á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekkingu á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpsruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og þekkerðir um allt, er að þessu lýtur; enn fremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

2. Í kælitækni: Þekkingu á hinum algengustu kælivélum og kerfum í skipum og á landi, starfsháttum þeirra, byggingu og fyrirkomulagi, umhirðu þeirra og stjórn.
3. Í vatnsvélafræði: Þekkingu á algengustu vatnsaflsvélum, byggingu þeirra, aflframleiðslu, umhirðu og stjórn; enn fremur grundvallarþekkingu á útreikningi á orku í fallvötnum.

Prófið veitir þá vélfræðipekkingu, sem þarf til þess að öðlast réttindi til vélgæzlu á öllum íslenskum skipum.

18. gr.

Um leið og III. stigs prófið fer fram, skal halda smíðapróf í vélvirkjun.

Kröfur þær, sem gera skal til prófsveina á þessu prófi, skulu ekki vera minni en þær kröfur, sem gerðar eru til prófsveina á sveinsprófi í vélvirkjun.

19. gr.

Til 1. bekkjar prófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í íslensku: Að geta gert léttan stil um almennt efni skýrt og nokkurn veginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sams konar kröfur og í dönsku.
4. Stærðfræði: Þekkingu á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, á þriliðu og líkingum af 1. gráðu með einni óþekktri stærð; enn fremur á almennri flatarmálsfræði og rúmmálsfræði og á grundvallaratriðum þrihyrningafræðinnar.

5. Í eðlisfræði: Þekkingu á almennri aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði, rafmagni og segulmagni.
6. Í vélfræði: Þekkingu á frumatriðum mótórfraeðinnar og vatnsvélafræðinnar, smíði þeirra og efni.
7. Í teikningu: Að geta teiknað vinnuteikningu af einföldum hlutum rafmagnsvéla og kerfa.

20. gr.

Til burtfararprófs úr rafmagnsdeild þarf: Í rafmagnsfræði: Þekkingu á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar, um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og raftækja; enn fremur kunnáttu í alls konar raflögnum; þekkingu á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekkingu á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur, enn fremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir. — Auk þess útheimtið í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

21. gr.

Prófin eru skrifleg, munnleg og verkleg. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til þess í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa æðri vélfræðiþekkingu er skólinn veitir, og skal hann vera formaður prófnefndar, en hinn skal vera vélstjóri, sem hefur vélstjóraréttindi á íslenskt skip af ótakmarkaðri stærð. Auk þess skipar ráðuneytið sérfróða prófdómara í hinum ýmsu greinum eftir þörfum og varaprófdómara.

Enn fremur skal skipa sérstaka prófnefnd í rafmagnsfræði. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir rafmagnsfræðingar með æðri menntun en skólinn veitir í rafmagnsfræði.

Hin munnlegu próf skulu haldin í heyranda hljóði, þó mega ekki aðrir prófsvæinar en sá, sem verið er að prófa, vera inni í prófstofunni.

22. gr.

Óski einhver, sem ekki er nemandi skólans, að ganga undir próf, skal hann senda um það skriflega beiðni til forstöðumanns skólans eigi síðar en tveim mánuðum áður en próf er haldið. Skulu beiðninni fylgja vottorð, er sanni, að hann uppfylli inntökuskilyrðin í þá prófdeild, sem um er að ræða, og einnig vottorð frá þeim, sem hafa undirbúið hann undir prófið, um, að hann hafi lært það, sem til prófsins er heimtað, og að hann sé fær um að ganga undir prófið.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

23. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um það, hvernig kennslunni og prófunum skuli hagað, svo og um verklegan lærdóm nemenda og annað, er að kennslu og undirbúningi lýtur.

24. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur próf, fær skírteini um það. Skírteinið skal gefið út á íslensku og ensku og ritað eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið semur. Á skírteininu skal geta þeirra kennslugreina, sem prófsveinninn hefur verið reyndur í, og tilgreina (með tölum) þær einkunnir, sem hann hefur hlotið. Einnig skal

tilgreina þá lægstu einkunn, sem þarf til þess að standast prófið, og þá hæstu, sem hægt er að öðlast. Allir prófnefndarmenn skulu undirrita skirteinin.

Skýrslur um prófið, ásamt fullum nöfnum prófsveina, fæðingarstað, degi og ári, svo og einkunnum þeim, sem þeir hafa hlotið, skal rita í bækur, sem til þess eru ætlaðar. Bækur þessar skulu geymdar á þeim stöðum, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Allir prófnefndarmenn staðfesta skýrslurnar með undirskrift sinni.

25. gr.

Glati einhver prófskirteini sínu, á hann rétt á að fá það endurnýjað, en greiða skal hann fyrir það kr. 25.00.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1953, og frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 71 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lög og lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra, en nefndarmenn áskilja sér algerlega óbundna afstöðu til málsins.

Samgöngumálaráðuneytið skipaði árið 1949 nefnd til þess að athuga og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar varðandi réttindi vélstjóra samkv. lögum nr. 66/1946, svo og tillögur um fyrirkomulag á kennslu fyrir þá, sem ætla að gerast vélstjórar.

Í nefndina voru skipaðir: Páll Pálmason, M. E. Jessen, Þorsteinn Loftsson, Þorsteinn Árnason og Lúther Grímsson. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Páll Pálmason, M. E. Jessen og Þorsteinn Loftsson, hefur sent menntamálaráðuneytinu frumvarp það, er hér liggur fyrir, ásamt eftirfarandi greinargerð:

Hin núgildandi lög um kennslu í vélfræði eru nr. 71 23. júní 1936.

Síðan lög þessi voru samin, hefur því oft verið breyft, að þeim þurfi að breyta. Hafa komið fram óskir um að sameina kennsluna í einn skóla, en hún er nú bæði hjá vélskólanum og hjá Fiskifélagi Íslands.

Til þess að unnt sé að sameina kennsluna í einum skóla, vélskólanum, er nauðsynlegt, að hann fái mjög aukið húsnæði og ýmsar vélar og áhöld. Er sennilegt, að til aukins húsnæðis og véla þurfi að verja um 2 millj. króna, ef sameining færi nú fram. Yrði ríkissjóður að leggja það fé fram. Einnig mun þurfa að fjölga kennurum vélskólans.

Um 1. gr.

Um greinina er lítið að segja. Hún segir aðeins til um það, hvar kennsla skuli fara fram, og er þar engin breyting frá því, sem nú er. Taldi meiri hluti nefndarinnar ekki ástæður til að breyta því, meðal annars vegna þess, að vélskólinn skortir húsnæði o. fl. Þessar stofnanir hafa báðar haft kennsluna á hendi síðan árið 1915 og því búið að skapa aðstöðu til kennslunnar á báðum þessum stöðum, með því fyrirkomulagi, sem nú er, enda fullkomlega hægt að samræma kennsluna án nokkurra breytinga í þessum efnunum. Það er að sjálfsögðu kostnaðarminnst að halda því fyrirkomulagi, sem nú er á þessu.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar að mestu leyti. Þar er ekki önnur breyting frá því, sem nú er, en sú, að í stað þess, að í núgildandi lögum eru námskeiðin nefnd hið minna og hið meira námskeið, teljum við rétt að kalla þau I. stigs og II. stigs námskeið. Er það greinilegra vegna samræmingar á kennslunni.

Um 4. gr.

Um greinina er það að segja, að þar er breytt ákvæðum um lágmarksaldur nemenda úr 18 ára í 16 ára. Er það gert með hliðsjón af gildandi fræðslulöggjöf, sem gerir ráð fyrir, að unglingar hafi lokið unglingskólaprófi 16 ára gamlir. Heppilegast er fyrir unglingskólana að byrja framhaldsnám strax að unglingskólanámi loknu, því að ella myndu árin frá 16—18 ára verða þeim ónýtt og oftast gleymskutími og framhaldsnámið þar af leiðandi sækjast miklu seinna.

Ekki er ætlað til, að unglingum verði veitt réttindi til sjálfstæðs vélstjórnarstarfs fyrr en hann hefur aldur til, því að hin verklega þjálfun á að sjálfsögðu að fara fram að loknu undirbúningsnámi, en ekki á undan því, eins og nú á sér stað í ýmsum tilfellum.

Um 5. gr.

Greinin skýrir sig að mestu sjálf. Það skal þó tekið fram, að það er nýtt ákvæði að taka það fram á eftir hverju prófi, hve mikilli þekkingu það fullnægi í hlutfalli við hestaflafjölda véla og verkvið skipa, en rétt álitum við, að þetta sé gert. Um fjölda hestafla má að sjálfsögðu deila, og viljum við því taka það fram, að þær tölur eru aðeins settar til þess að sýna, hvaða vélfræðipekkingu við teljum að prófsveinar hafi, er þeir hafa staðizt prófið. Eftir er þá að sjálfsögðu öll verkleg þjálfun, og hve löng hún á að vera, eftir að prófi er náð, svo og hve gamlir menn skuli vera að árum og í starfi, þegar þeir öðlast ákveðin réttindi til vélstjórnar, verður að sjálfsögðu að ákveða nánar í lögum um atvinnu við siglingar, þegar þau verða endursamin.

Um 6. og 7. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Um 8. gr.

Þarf ekki skýringa, hún er að mestu óbreytt frá nügildandi lögum og ekki ástæða til að breyta henni.

Um 9., 10. og 11. gr.

Greinarnar þurfi ekki skýringa við.

Um 12. og 13. gr.

Í þessum greinum er þeim mönnum, sem áður hafa lokið minni prófi í vélfræði, gefinn kostur á framhaldsnámi og þar með að njóta sömu aðstöðu og réttar til að auka þekkingu sína í vélfræði og öðlast aukin réttindi eins og öðrum nemendum skólans. Þetta er bráðnauðsynlegt vegna nauðsynlegs viðhalds og fjölgunar vélstjóraséttarinnar, því að eins og nú standa sakir, er hún allt of fámenn og takmörkun nemenda á vélaverkstæðum yfirvofandi, en hún mundi valda því, að aðsókn að skólanum yrði svo lítil, að þeir, sem útskrifast, yrðu varla til viðhalds stéttarinnar. Þetta hefur áður komið fyrir, svo að próf féllu niður í 2 ár. Slíkt væri í alla staði ófært, þar sem starfsvið stéttarinnar er svo víðtækt, að það nær til skipa, orkuvera, verksmiðja, frystihúsa og fjölmargra annarra greina iðnaðarins.

Auk þess hefur það komið í ljós, að þegar nemendur, sem höfðu lögákveðið smíðanám og meira mótórvélstjórnarpróf frá Fiskifélaginu, hafa sótt vélskólann, hafa þeir getað lokið námi á einum vetri, en þeir, sem aðeins hafa lögákveðið smíðanám og iðnskólapróf, hafa alltaf þurft 2 vetur til að ljúka sama námi.

Þegar athuguð er kennsla nemenda á verkstæðum, kemur í ljós, að menntun þeirra er orðin einhæfari en áður var, svo að nauðsynlegt er, að vélstjóraefni séu látin ganga undir verklegt próf, áður en þeir öðlast réttindi til vélgæzlu, eins og gert er víða erlendis. Þar hefur komið í ljós, að nemendurnir gátu ekki staðizt slíkt próf vegna þess, hve kennslan á verkstæðunum hafði verið einhliða, og var því nauðsynlegt að láta þá sækja sérstakt námskeið við skólann, eða aðra stofnun, áður en þeir gengu undir prófið.

Til þess að mæta þessu hér, teljum við nauðsynlegt að setja á stofn verklegt námskeið við vélskólann. Er ætlazt til, að það sé eins vetrar nám, sem þeim er gert að skyldu að sækja, er ekki hafa stundað smíðanám á verkstæði, og þeir, sem smíðanám hafa stundað, eiga kost á að sækja, áður en þeir ganga undir hið verklega próf.

Um 14.—22. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar; þó skal tekið fram, að um síðustu málsgrein 16. greinar gilda sömu skýringar og sagt er um 5. grein, varðandi hestaflafjölda véla og réttindi vélstjóra.

Enn fremur viljum við taka það fram, að prófkröfur eru nokkuð auknar við öll prófin. Er það gert með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á vélum, skipum og búnaði þeirra, síðan síðustu lög voru samin.

Um 23.—26. gr.

Greinarnar skýra sig sjálfar.